



Til menntamálanefndar Alþingis
Sigríður Anna Þórðardóttir formaður
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 418 / 587
komudagur 16 / 12 1994

Reykjavík, 16. desember 1994
GHG/eg

Efni: Upplýsingar vegna frumvarps til laga um grunnskóla.

Á fundum menntamálanefndar með embættismönnum menntamálaráðuneytis þann 22. nóvember og 5. desember s.l. var beðið um nánari upplýsingar fyrir áframhaldandi umræðu í nefndinni um frumvarp til laga um grunnskóla. Hér er reynt að gera þessum spurningum nokkur skil.

I. Nefndin bað um skýringar varðandi stjórnarsýslu grunnskólans samkvæmt því rekstar- og stjórnunarfyrirkomulagi sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Beðið var um nánari útlitun á fyrirkomulagi ráðningar og uppsagnar skólastjóra. Nefndin vill einnig fá upplýsingar um trúnaðarskyldu skólanefndarmanna þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að skólanefnd fái til umfjöllunar ýmis viðkvæm trúnaðarmál er snerta grunnskólanemendur.

1) Um ráðningu og uppsögn skólastjóra.
Samkvæmt 23. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að skólastjóri sé ráðinn af sveitarstjórn og við ráðningu hans skuli tekið tillit til menntunar og starfsreynslu. Umsagnaraðili um umsækjendur er viðkomandi skólanefnd. Þar sem skólastjóri er þannig starfsmaður sveitarfélagsins fer um hugsanlega uppsögn hans úr starfi eftir þeim reglum er gilda um starfsmenn sveitarfélagsins. Í sveitarstjórnarlögum (lög nr. 8 frá 1986) segir eftirfarandi um ráðningu og réttindi starfsmanna, 72. og 73. gr.:

72. gr.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélagi og stofnunum þess og veitir þeim lausn frá starfi. Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum í samþykkt um stjórn sveitarfélags. Séu þar eigi sérstök ákvæði þessa efnis gefur sveitarstjórn eða byggðarráð almenn fyrirmæli til stjórnenda sveitarfélagsins og stofnana þess um hvernig staðið skuli að ráðningu starfsmanna.

73. gr.

Starfsmenn við stjórnarsýslu sveitarfélags hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Um starfskjör annarra starfsmanna sveitarfélags fer eftir ákvæðum kjarasamninga. Uppsagnarfrestur fastráðinna starfsmanna sveitarfélags er þrjú mánuðir sé ekki annað ákveðið í kjarasamningum eða í ráðningarsamningi.

2) Um þagnar- og trúnaðarskyldu.

Ákvæði sveitarstjórnarlaga um þagnar og trúnaðarskyldu gilda um fulltrúa sem kosnir eru í skólanefnd grunnskóla skv. frumvarpinu. 63. gr. sveitarstjórnarlaga fjallar um störf og starfshætti nefnda, en þar segir:

63. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara sé ekki annað ákvæðið í lögum eða sveitarstjórn.

Formaður nefndar boðar nefndarfundum eða lætur boða með hæfilegum fyrirvara.

Nefndarformaður stjórnar fundum. Fundir skulu að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund starfsmenn sveitarfélags ef hún telur þess þörf. Hún getur einnig boðið öðrum aðilum að koma á fund nefndarinnar til viðræðna um tiltekin mál.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundum nefndar.

Ákvæði IV. og V. kafla laga þessara gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélags, eftir því sem við á.

Í IV. kafla sveitarstjórnarlaga segir síðan:

42. gr.

Sveitarstjórnarmenn skulu gæta þagnarskyldu um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara skv. lögum, eðli máls eða skv. sérstakri ákvörðun sem samþykkt er með a.m.k. 2/3 hlutum atkvæða í sveitarstjórn eða nefnd.

II. Beðið var um afrit af erindisbréfi nefndar sem ætlað er að undirbúa flutning grunnskólans til sveitarfélaga. Afrit af skipunarbréfi til formanns nefndarinnar fylgir með bréfi þessu.

III. 25. gr. Námsleyfi kennara og skólastjóra.

Við samningu 25. gr. frumvarpsins var þess gætt að réttindi kennara og skólastjóra til námsleyfa á launum skertust ekki frá því sem nú er, sbr. 42. gr. gildandi laga, og fram kemur í 1. málslíð í greinargerð með 25. gr. frumvarpsins. Ef til vill er orðalagið í 1. málsg. 25. gr. frumvarpsins ekki nógu skýrt en þar stendur „...er ætlað að styrkja“. Því mætti breyta og nota orðið *námsleyfi* í staðinn.

IV. 26. gr. Sumarskóli.

Þegar nefnd um mótun menntastefnu gekk frá drögum að frumvarpi til laga um grunnskóla var lagt til að starfstími grunnskóla yrði 10 mánuðir og því ekki talin nauðsyn á ákvæði gildandi laga um sumarskóla. Síðan var fallið frá því að lengja skólaárið en ákvæði um sumarskóla ekki tekið inn. Spurning er hvort ekki eigi að setja þetta ákvæði inn á ný.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að nemendur starfi í skólum frá 1. september til 31. maí. Þetta má túlka svo að þeir megi ekki stunda skólanám eftir 31. maí. Ef ákvæði um sumarskóla er inni gefst skólum svigrúm til að skipuleggja frekara starf í júní ef nauðsyn krefur eða ástæður þykja. Verði ákvæði um sumarskóla sett inn á ný er eðlilegt að það verði háð samþykki menntamálaráðherra.

V. 32. gr. Valgreinar.

Valgreinaframboð grunnskóla hefur lítið breyst undanfarin ár. Helstu valgreinar grunnskóla hafa um langan tíma verið þýska, vélritun og bókfærsla og þá einkum í 10. bekk. Yfirlit yfir valgreinar er að finna í meðfylgjandi bæklingi um valgreinar.

Valgreinakvóti hvers skóla er reiknaður út frá nemendafjölda, sjá 10. gr. í meðfylgjandi auglýsingu um skiptingu tíma (viðmiðunarstundaskrá).

Í ráðuneytinu liggja ekki fyrir upplýsingar um það hve miklum tíma er varið í valgreinar í grunnskólum landsins. Ráðuneytið hefur skrifað fræðslustjórum og óskað eftir upplýsingum þessa efnis. Verða þær sendar menntamálanefnd strax og þær berast.

VI. 35. gr. Ákvörðunartaka vegna undanþágu.

1) Síðasta málsgr. 35. gr. gefur ráðherra vald til að ákveða málsmeðferð áður en ákvörðun er tekin. Ráðherra getur vísað ósk um undanþágu frá skyldunámi til starfsmanna ráðuneytisins og fengið tillögur frá þeim um afgreiðslu undanþágunnar. Starfsmenn geta einnig lagt til að leitað verði álits aðila utan ráðuneytisins eftir því sem efni standa til hverju sinni. Eðlilegt er að ráðherra/ráðuneyti taki af skarið um mál af þessum toga þar sem það er eitt af hlutverkum ráðuneytis að fylgjast með framkvæmd skyldunáms.

2) Gera má ráð fyrir að óskir um undanþágur frá einstökum námsgreinum verði af ýmsu tagi, bæði hvað varðar námsgreinar og ástæður undanþágubeiðna. Erfitt er að finna einhvern einn hlutlausan, faglegan aðila sem vísa mætti öllum slíkum beiðnum til. Helst kæmi til greina að sérstök nefnd fjallaði um þessi mál. Hins vegar er spurning hvornig hún ætti að vera samsett. Til greina kemur að ráðuneytið, Félag skólastjóra og Skólameistarafélagið ættu þar fulltrúa. Verði sú leið farin að setja sérstaka nefnd til að fjalla um undanþágubeiðnir, er eftir sem áður eðlilegt að sjálf ákvörðunin sé formlega í höndum ráðherra.

VII. Starfstími skóla. Meðfylgjandi er rit frá EURYDICE, Organisation of School time in the Member States of the European Community, en þar er ítarlega gerð grein fyrir skipulagi skólatíma í löndum Evrópusambandsins.

F. h. r.

Christinn Sjuntandothor

Hjálagt:

Eurydice, Organisation of School time
in the Member States of the EC.

Reglugerð um sérkennslu

Skipunarbréf

Valgreinar í grunnskóla

Viðmiðunarstundaskrá.